

Teacch

Í Tjarnarskógi notum við aðferðir skipulagðrar kennslu eða TEACCH bæði með einstaklingnum á einhverfurófinu OG einnig erum við með myndrænt skipulag inn á hverri deild sýnilegt fyrir öll börn.

- TEACCH stendur fyrir: **Treatment and Education of Autistic and related Communications Handicapped Children**, eða meðferð og kennsla barna með einhverfu og skyldar boðskiptatruflanir.
- Skipulögð kennsla (Structured Teaching) nefnist sú kennsluáferð sem þróuð hefur verið innan TEACCH-líkansins. Rannsóknir hafa sýnt að með því að skipuleggja umhverfið, setja upp dagskrá, vinnukerfi, sjónrænt boðskiptakerfi, og veita yfirsýn yfir það sem er í vændum. Er hægt að auka færni barna með röskun á einhverfurófi og gera þau færari um að framkvæma hluti án stuðnings frá öðrum.
- Með því að setja leikskóladaginn upp myndrænt fyrir öll börn geta þau séð fyrir sér hvernig skipulag dagsins er og minnka líkur á óöryggi. Ef börnin vita ekki hvað er næst á dagskránni geta þau alltaf gengið að myndræna skipulaginu.
- Kosturinn við að hafa skipulagið myndrænt er að börn meðtaka oft betur myndir heldur en munnlega fyrirsmæli.
- Myndrænt skipulag nýtist tvítyngdum börnum og ungum börnum sem eru að hefja leikskólagöngu sína sérstaklega vel.
- Okkur hefur reynt vel að nota aðferðir skipulagðrar kennslu fyrir börn sem eru óörygg í leikskólanum og eiga erfitt með aðlögun.
- Myndrænt skipulag og sjónrænar vísbendingar teljum við hafa góð áhrif á þátttöku og líðan allra barna í leikskólanum.

Myndir sem eru notaðar:



Myndrænt dagsskipulag fyrir deildina,
ein útfærsla 😊

Myndrænt skipulag fyrir einstakling,
ein útfærsla 😊

